

Skólaráð

Skólaráð Grunnskóla Grundarfjarðar kom saman í húsnaði skólans 12. 05. 2015 kl. 16:15.

Mættir eru: Gerður Ólína Steinþórsdóttir skólastjóri, Ásdís Snót Guðmundsdóttir aðstoðarskólastjóri, Sigrún Hilmarisdóttir og Eydís Lúðvíksdóttir fulltrúar kennara, Dóra Aðalsteinsdóttir fulltrúi annars starfsfólks mætti ekki, Eygló Bára Jónsdóttir og Guðrún Margrét Hjaltadóttir fulltrúar foreldra, Rut Rúnarsdóttir fulltrúi grendarsamfélagsins og Karen Rut Ragnarsdóttir og Helga Dögg fulltrúar nemenda, boðuðu forföll.

Fundargerð ritaði: Ásdís Snót Guðmundsdóttir, aðstoðarskólastjóri.

Dagskrá:

1. Áætlanir skólans

Fjallað um þær áætlanir skólans sem tilbúnar eru og voru til umfjöllunar; Áfallaáætlun, Eineltisáætlun og Fíkni- og áfengisforvarnaráætlun. Engar athugasemdir eru gerðar við þær. EBJ spyr hvort eineltisáætlunin sé ekki þung í vöfum en fulltrúar kennara segja að teymið sé fljótt að bregðast við og sé kallað saman um leið og mál berast inn.

2. Skóladagatal næsta skólaárs

Skóladagatalið kynnt, farið yfir helstu dagsetningar.

3. Nemendafjöldi næstaskólaárs

Nemendafjöldinn fellur niður fyrir næsta skólaár eins og staðan er í dag. Þó eru teikn á lofti um að nýir nemendur séu að koma.

4. Skipulag næsta skólaárs - bekkir, stundatöflur, breytingar

Skipulagið er ekki komið á hreint en það verður tilbúið fyrir næsta skólaár eða í sumar.

5. Ráðningamál

Gerður Ólína Steinþórsdóttir skólastjóri og Ásdís Snót Guðmundsdóttir aðstoðarskólastjóri hafa sagt upp störfum sínum. Guðmundur Björgvin Sigurbjörnsson hefur verið ráðinn aðstoðarskólastjóri og Ingibjörg Eyrún Bergvinsdóttir í stöðu íþróttakennara til eins árs. Anna Kristín Magnúsdóttir og María Ósk Ólafsdóttir munu hefja störf að nýju næsta skólaár. Hugrún Elísdóttir hefur fengið launalaust leyfi í ár og Þorbjörg Guðmundsdóttir fer í námsleyfi. Ekki er búið að ganga frá ráðningu sérkennara.

6. Skipulag vordaga og skólaloka

Þessa dagana er verið að vinna að skipulagningu vordaga t.d. verða Grundaleikara en við þá verður nýtt verkefni UNICEF, ratleikur og hjóladagar. Um miðjan maí fer 10. bekkur til Danmörku í útskriftarferðalag. Ekki er búið að ákveða klukkan hvað skólaslitin verða, rætt er um hvort betra sé að hafa þau kl. 15:00 eða kl. 16:00. Flestir voru sammála um að kl. 16:00 væri betra fyrir skólasamfélagið. Foreldrafélagið verður með kaffihlaðborð gegn gjaldi á skólaslitunum.

7. Drög að starfsáætlun skólaráðs 2015-2016

Fulltrúar fá drög að starfsáætlun skólaráðs senda í tölvupósti.

8. Skólaráð næsta vetur – skipan

Skólaráð er skipað tvö ár í senn. Nýr fultrúi kemur í stað Guðrúnar Margrétar þar sem hún er búin að vera tvö ár. Kosið verður í haust.

9. Önnur mál

Skólastjórinn óskar eftir að skólaráðið hittist aftur í 26. maí kl. 16:15 2015. Þá verða þau mál sem útaf standa lögð fyrir, t.d. jafnréttisáætlun og efni varðandi samstarf við tónlistarskólann.

Rætt almennt um eineltismál og hvernig hægt sé að ná tökum á því. Lykilatriði er að heimili og skóli vinni saman að eineltismálum sem og skólasamfélagið.

Varðandi tónlistarskólann þá er stefnan að auka samstarf milli tón- og grunnskólans næsta vetur.

Líklegt er að bókasafnið verði fært aftur í vinnuherbergið og búið verði til námsver samhliða.

Rætt um ferðalög bekkja síðustu dagana.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17:13.